




MAST ...frá heilbrigði til hollustu

Matvælastofnun

Fjármagn til viðhalds varnargirðinga undanfarnin ár



Fjármagn til viðhalds varnargirðinga

Að gefnu tilefni árétta-
ar Matvælastofnun að
stofnunin býr ekki yfir
fjárheimildum til við-
halds varnargirðinga.
Fjárveitingarnar eru
ákvarðaðar og greiddar
af atvinnuvega- og
nýsköpunarráðu-
neytinu. Fjármagn
til viðhaldsins hefur
aukist á undanförunum
árum og er áætlað að
það verði 45 milljónir
króna á þessu ári.



Aðkoma Matvælastofnunar að
viðhaldi varnargirðinga er forgangs-
röðun á ráðstöfun fjármuna, þ.e.a.s.
hvernig þeim er skipt á varnar-
girðingar á landinu. Úthlutun fjár
til tiltekinna viðhaldsverkefna hefur
ekki verið ákvörðuð fyrir árið 2020
og liggur því ekki fyrir hvaða varnar-
girðingar fá meira eða minna fé en á
síðasta ári. Úthlutunin tekur fyrst og
fremst mið af sjúkdómastöðu milli
varnarhólfa en einnig af ástandi
varnarlína hverju sinni.

Áætlað fé til viðhalds varnar-

girðinga í ár er 45 m.kr. Það er ekki
skerðing frá því í fyrra. Þá fór kostn-
aður fram úr áætlun og var alls 48
m.kr.

Víða er ástand varnargirðinga
ekki gott og ljóst að sum landsvæði
koma verr undan vetri en önnur.
Varnargirðingar eru nauðsynlegur
liður í að hefta útbreiðslu smit-
sjúkdóma í dýrum og því er mik-
ilvægt að tryggja fullnægjandi fjár-
magn til viðhalds þeirra.

*Hjalti Andrasón,
fræðslustjóri hjá Matvælastofnun*